

EÐALGÓLFLAKK

EÐALGÓLFLAKK er fljótþornandi, alkýð-bundið lakk sem er létt í notkun, flýtur vel og myndar slitsterka, gljáandi filmu.

EÐALGÓLFLAKK þolir vel olíur og kröftuga þvotta.



EÐALGÓLFLAKK er einkum ætlað á viðar- og steingólf þar sem slitálag er verulegt.

Ráðlagt er að nota fremur SAFÍR eða EPOXYLAKK þar sem mikið efna- og/eða slitálag er til staðar.

Litir:

EÐALGÓLFLAKK er framleitt í nokkrum staðallitum og að auki má fá mikinn fjölda lita með litun í stofn 10.

Áferð:

Gljáandi.

Málun:

Mála má með pensli, rúllu, eða sprautu.

Varúðarflokkur:

2 - 1.

Þynnir og hreinsun áhalda:

MÍNERALTERPENTÍNA.

Þurrktími:

Um 2-4 klst. við 20°C.

Yfirlökkun:

Eftir 5-7 klst., breytilegt eftir aðstæðum.

Þykkt (flæðiseigja):

Um 70 KU (25°C).

Gljái:

Um 70 (60°).

Eðlismassi:

Um 1,10 g/ml (25°C).

Þurrefni:

Um 65% af massa eða um 50% af rúm-máli (reiknað), lítið eitt breytilegt eftir litum.

Efnisnotkun:

Um 0,08 - 0,10 l/m² í umferð, háð hrjúfleika flatar, lökkunaraðferð og aðstæðum. Samsvarar um 50 µm þurr-filmuþykkt.

Lágmarks vinnsluunarhitastig:

Flöturinn sem mála á skal vera minnst 3°C yfir daggarmörkum loftsins, meðan á málun og þornun málningar stendur.

VOC-efni:

Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC efna fyrir þessa vöru fl. A/1 500g/l (2010). Varan inniheldur að hámarki 400 g/l.

